

Gengið um Þingvelli

TVÆR gönguferðir auk guðspjónustu verða á dagskrá þjóðgarðsins á Þingvöllum sunnudaginn 25. september. Í fyrri gönguferðinni verður hugað að litbrigðum jarðar og náttúruöflum. Gönguferðinni lýkur við Þingvallakirkju í þann mund sem guðspjónusta hefst.

Síðari gönguferðin hefst skömmu eftir lok guðspjónustu. Annar göngustjóra, Steinunn Ásmundsdóttir, predikar í guðspjónustu. Sigrún Eðvaldsdóttir leikur á fiðlu og Einar Sigurðsson, organisti Þingvallakirkju, leikur á orgel. Meðhjálpari, Elínborg Sturludóttir, og sóknarprestur, Hanna María Pétursdóttir, þjóna fyrir altari.